

að líta svo á, að ákærði hafi slegið eign sinni á sængina. Sængin var dúnsæng, 2—3 ára gömul. Ákærði hefur samkvæmt þessu gerzt brotlegur við 244. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga. Ákærði hefur unnið til sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Engin bótakrafa var gerð.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi 45 daga.

Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 123/1958. **Ákærvaldið** (Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Arnbóri Einarssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Afengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hafþór Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að bifreið sú, sem ákærði ók, hafði lent í árekstri við aðra bifreið á Reykjanesbraut aðfaranótt 22. september 1957, var ákærði fluttur á lögreglustöðina í Reykjavík. Kvaðst hann þá ekki vera undir áhrifum afengis og synjaði þess, að blóðsýnishorn væri úr honum tekið samkvæmt 23. gr. þágildandi bifreiðalaga, nr. 23/1941, og var slík rannsókn látin undan falla vegna andmæla hans.

Þegar rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða hinn 22. september 1957, lýsti hann því í fyrstu, að hann hefði hvorki neytt afengis á dansskemmtuninni í Silfurtunglinu

né heldur um kvöldið, áður en hann fór þangað. Eftir að Haraldur Haraldsson, sem var samferðamaður ákærða á dansskemmtunina, hafði gefið lögreglumönnum skýrslu um áfengisneyzlu ákærða bæði í Silfurtunglinu og áður en þangað var farið, breytti ákærði framburði sínum á þá leið, að hann hefði drukkið eitt glas af ginblöndu, áður en hann fór í Silfurtunglið, og haft með sér þangað ginblöndu í vasafleyg, sem hann hafi neytt af á skemmtuninni. Hafi hann fundið lítils háttar til áfengisáhrifa, en þau hafi verið horfin, er hann tók að aka bifreiðinni, enda hafi þá verið liðnar 2—3 klukkustundir, frá því að vasafleygurinn var tæmdur.

Þrír lögreglumenn, þeir Eypór Magnússon, Kristján Jóhannesson og Hellert Jóhannesson, komu á árekstrarstaðinn á Reykjanesbraut, meðan ákærði var þar enn staddur. Hafa þeir borið vætti um ástand ákærða þá og unnið eið að framburði sínum. Lýsa þeir því allir, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, hann hafi verið reikull í spori og áfengislykt af honum. Eypór og Kristján kveða málfar hans hafa verið óskýrt, og Hellert kveður hann hafa verið voteygðan. Hallgrímur Jónsson, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, þegar komið var með ákærða þangað, hefur borið það og staðfest fyrir dómi, að hann telji ákærða hafa þá verið undir áfengisáhrifum, hann hafi verið voteygður og jafnvægi óstöðugt, en málfar skýrt. Þá hefur og fyrrgreindur Haraldur Haraldsson lýst því fyrir dómi, að hann telji ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó lítið.

Ákærði hefur viðurkennt áfengisneyzlu, eins og að framán segir, en neitað því, að honum væri tekið blóð til rannsóknar. Samkvæmt því og með skírskotun til framangreindra vitnaskýrslna verður að telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreið í umrætt skipti undir áhrifum áfengis. Hefur hann með því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 38. og 39. gr. sömu laga og 2. gr. laga nr. 6/1951, og einnig gegn 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941, en framangreind lög

voru í gildi, þegar brotið var framið. Síðan hafa lög þessi verið numin úr gildi, og varðar brot ákærða nú við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, sbr. 80. og 81. gr. sömu laga, en þó svo, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 verða ákærða ekki gerð þyngri viðurlög en orðið hefði eftir hinum eldri lögum. Þá varðar brot ákærða einnig við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 3 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun skipaðs sækjanda hér fyrir dómi, kr. 2.000,00, og laun skipaðs verjanda í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnþór Einarsson, greiði 1.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000,00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 3.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 9. apríl 1958.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu hinn 30. janúar 1958, gegn Arnþóri Einarssyni verzlunarmanni, til heimilis að Kópavogsbraut 2, Kópavogi, fæddum hinn 1. nóvember 1918 að Búðarhóli í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. september 1957 ekið bifreið sinni, R-4401, frá Hólmgarði 5 í Reykjavík

áleiðis til Kópavogsbrautar við mót Reykjanesbrautar í Kópavogi, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, en brot þetta er í ákæruskjali talið varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. grein áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, um breyting á bifreiðalög-unum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, en til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika við framangreindan akstur sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni R-4401 á tryggilegan hátt, og er það talið varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis-sviptingar samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur náð lögaldri sakamanna, er fæddur hinn 1. nóvember 1918. Hann hefur áður sætt þessum kærnum og refs-ingum:

Í Reykjavík:

Hinn 4/5 1949: Áminning fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Hinn 8/5 1953: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga.

Í Kópavogi:

Hinn 24/7 1957: Áminning fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 22. sept. 1957, um kl. 2, fór ákærði ásamt konu sinni, Sólveigu Kristjánsdóttur, og þeim hjónum Haraldi Haraldssyni og Vigdísi Hannesdóttur, báðum til heimilis að Hólmgarði 5 í Reykjavík, af stað í bifreið Haralds áleiðis að Hólmgarði 5 frá Silfurtunglinu, en hjónin höfðu bæði verið þar á dansleik frá kl. 10 um kvöldið. Ók Haraldur sjálfur bifreið sinni, og var ferðinni heitið að Kópavogsbraut 2, heimili ákærða, og ætluðu þau öll að staldra við þar eftir dansleikinn, en koma að Hólmgarði 5 til að taka bifreið ákærða, R-4401. Þau komu þangað nokkru eftir kl. 2. Þá fór ákærði einn út úr bíl Haralds og hélt af stað á sínum bíl áleiðis til Kópavogsbrautar, en hin þrjú héldu á eftir í bíl Haralds. Var ekið hægt, og mun bifreið Haralds hafa verið alltaf um 4 metrum á eftir R-4401. Á Kópavogshálsi, nálægt benzínstöðinni, ók bifreiðin Ö-59 fram úr bíl Haralds og hélt á eftir R-4401, og er ákærði nálgast Kópavogsbrautina, lét hann, að því er fram hefur

komið, hægri stefnuvísinn út, tók góða beygju til vinstri til að ná ytri beygjunni til hægri og sveigði hægt inn á Kópavogsbrautina af Reykjanesbraut. En um leið og ákærði tók þannig beygjuna til hægri, ók Ö-59 fram með bíl ákærða, R-4401, hægra megin til að komast fram fyrir hann og renndi utan í hægri hlið bíls ákærða, þótt Ö-59 bremsaði og reyndi að sveigja til hægri, er hann sá, hvað verða vildi. Bílstjórinn á Ö-59 fór út og talaði við ákærða þarna, en rétt í því kom lögreglan og færði ákærða niður á lögreglustöð. Tók varðstjóri skýrslu af honum strax á stöðinni. Lögregluþjónar þeir, er athuguðu árekstrarstaðinn, gáfu einnig skýrslu. Ákærði neitaði að láta taka úr sér blóðsýnishorn, þar sem hann taldi sig ekki vera undir áhrifum áfengis, en var látinn anda í sérstakt öndunartæki, en tækið fylgir ekki málsskjölum og ekki nánari skilgreining. Ákærði var settur í fangageymslu lögreglunnar.

Vitnið Hallgrímur Jónsson varðstjóri, er tók skýrslu af ákærða eftir áreksturinn, telur við yfirheyrslu, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum téða nótt, en í skýrslu vitnisins stendur þó, að málfar ákærða hafi verið skýrt, framkoma kurteis og andlit eðlilegt, jafnvægi óstöðugt og augu dauf. Vitnið Eypór Magnússon, lögregluþjónn nr. 95, telur ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum á árekstrarstaðnum og byggir það á því, að hann hafi verið reikull í spori, málfar óskýrt og áfengislykt af honum.

Vitnið Kristján Jóhannesson, lögregluþjónn nr. 44, telur sömu-leiðis, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum á téðum tíma, og byggir það á sömu röksemdum sem lögregluþjónn nr. 95. Sama er að segja um framburð lögregluþjóns nr. 116, Hellerts Jóhannessonar, sem einnig kom á árekstrarstaðinn. En ekki samræmist framburður síðastnefndra þriggja vitna skýrslu varðstjórans að því leyti, að hinn síðastnefndi telur málfar ákærða hafa verið skýrt.

Vitnið Haraldur Haraldsson, sem var á árekstrarstaðnum, telur ákærða hafa fengið sér einn ginsjúss að Hólmgarði 5 eftir kl. 20 kvöldið áður, og var það blandað vatni. Þá telur vitnið ákærða hafa fengið sér áfengisblöndu út í gosdrykki á ballinu í Silfurtunglinu úr vasafleyg, sem ákærði hafði meðferðis, og muni hann hafa bragðað hana síðast um miðnætti kvöldið áður. Telur vitnið eitthvert áfengi hafa verið í ákærða við brottförina úr Silfurtunglinu, en samt svo lítið, að ókunnugir hefðu ekki merkt það.

Vitnið Vigdís Hannesdóttir, kona Haralds, sem einnig var með ákærða á ballinu, telur hann hafa fengið sér einn ginsjúss að

Hólmgarði 5 um kl. 20 um kvöldið áður, en ákærða sá hún aldrei drekka vín á ballinu. Hún man eftir a.m.k. einni bjórflösku á borði þeirra. Vitnið telur sig engin áfengisáhrif hafa merkt á ákærða og dansaði þó við hann eftir miðnættið.

Hins vegar man hún eftir, að ákærði hafi sagt, að áfengið væri búið um kl. 11.30 og ekkert annað áfengi muni ákærði hafa haft eða neytt umrætt kvöld og nótt, og merkti hún á engu stigi áfengisáhrif á ákærða, þótt hún vissi, að hann hefði bragðað vín á ballinu.

Vitnið Jón Birgir Guðnason, sem ók bílnum Ö-59 utan í bíl ákærða, lýsir staðreyndum eins og ákærði og lögreglan varðandi áreksturinn, en telur sig hafa merkt áfengisáhrif á honum eftir áreksturinn.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 22. sept. 1957, er ákærði var yfirheyrður í annað sinn þann dag, virðist hann nánast viðurkenna að hafa fundið til áfengisáhrifa kvöldið fyrir áreksturinn, milli kl. 11—12, í Silfurtunglinu, en það var um 3 klukkustundum fyrir hinn kærða akstur. Í réttarhaldi í saka-dómi Kópavogs 6. jan. 1958 kannast ákærði við að hafa tekið ofangreindan sjúss að Hólmgarði 5 kvöldið fyrir dansleikinn og einnig að hafa neytt ca. 2 sjússa af ginblöndu á dansleiknum. Telur hann sig hafa fundið lítillega á sér þá, en vínið hafa verið þrotið um ellefuleytið, og hafi hann ekki neytt annars áfengis um nóttina eða kvöldið.

Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann ók bílnum.

Samkvæmt því, er rakið hefur verið hér að framan, þykja framburðir vitna í málinu svo ósamhljóða og á ótraustum stöðum reistir, að eigi verði sakfelling á þeim byggð vegna ölvunar-ákæru.

Þar sem önnur gögn en framangreindir vitnisburðir hafa ekki komið fram, að undanskilinni öndunarprófun, sem ekki sannar um áfengismagn í blóði, þykir verða að leggja framburð ákærða sjálfs til grundvallar um áfengisneyzlu og áhrif hennar.

Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir ölvun við akstur samkv. 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem sanni þreytu eða sljóleika ákærða við hinn kærða akstur, og niðurstaða rann-

sóknar varðandi áreksturinn sjálfan bendir frekar til hins gagnstæða. Þykir því verða að sýkna ákærða fyrir brot gegn 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess ber að geta, að ekki var ákært fyrir að hafa neytt áfengis á opinberum stað, og kemur það brot ákærða hér eigi til álita.

Að öllu ofangreindu athuguðu verður að telja, að leggja beri kostnað allan af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., á ríkissjóð.

Þykja málsvarnarlaunin hæfilega ákveðin kr. 1.000,00.

Dómsorð:

Ákærði, Arnþór Einarsson, skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Ríkissjóður greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í máli þessu, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1.000,00.

Miðvikudaginn 14. janúar 1959.

Nr. 166/1958. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Alídu Ólsen Jónsdóttur

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Sýknað af bifreiðalagabroti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Samkvæmt athugun lögreglumanna á vettvangi var bifreið ákærðu, V-175, komin aðeins 80 sm inn á vegamót Skóla-vegar og Hvítungavegar, er umræddur árekstur varð. Virðist ökumaður V-37 því hafa haft nægilegt svigrúm til beygju þeirrar, sem um var að tefla. Að svo vöxnu máli þykir eigi í ljós leitt, að akstur ákærðu varði við lagaboð þau, sem í ákæruskjali eru talin. Ber því að sýkna hana af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessum úrslitum leggst allur sakarkostnaður á ríkis-